

Háskólaráð Landbúnaðarháskóla Íslands, fundur 14-2017

Tími: Mánudagur 2. október 2017 á Keldnaholti og í síma kl. 17:00

Mætt: Sæmundur Sveinsson, Bjarni Stefánsson, Haukur Marteinson og Hilmar Janusson á Keldnaholti og Helena Guttormsdóttir, Sigríður Hallgrímsdóttir og Hafdís Hanna Ægisdóttir í símanum. Guðríður Helgadóttir ritaði fundargerð.

1. Inngangur

Sæmundur Sveinsson, nýr rektor Lbhí, bauð háskólaráðsmenn velkomna á þennan fyrsta fund sinn með ráðinu.

2. Sóknaráætlun Lbhí

Sæmundur lagði fram drög að sóknaráætlun fyrir Lbhí og sendi háskólaráði rafrænt. Drögin eru í 13 liðum sem Sæmundur fór nánar yfir. Heilmiklar umræður urðu um áætlunina og mun Sæmundur bregðast við þeim og senda yfirlesið skjal aftur á háskólaráð, áður en það er kynnt fyrir ráðherra.

Sóknaráætlunin verður send ráðherra ásamt minnisblaði þar sem tekið er fram að áætlunin eigi að styðja við stefnumótunarvinnu skólans.

Fundargerð samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:30.